

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andréxi Inga Jónssyni um hjónaskilnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu oft var óskað eftir hjónaskilnaði árið 2023, greint eftir mánuðum? Þess er óskað að fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní sé svarið greint eftir því hvort um var að ræða umsókn um skilnað að borði og sæng skv. 33. eða 34. gr. hjúskaparlaga eða lögskilnað skv. 37., 39. eða 40. gr. laganna. Fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember komi auk þess fram fjöldi þeirra umsókna sem voru á grundvelli 43. gr. a hjúskaparlaga.

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá sýslumannaráði og dómstólasýslunni vegna fyrirspurnarinnar. Þau svör bárust frá dómstólasýslunni að ekki væri unnt að taka út umbeðna tölfraði úr málaskrám dómstólanna. Byggist eftirfarandi svar því einungis á þeim upplýsingum sem bárust ráðuneytinu frá sýslumannaráði.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannaráði bárust sýslumönnum 1457 umsóknir um hjónaskilnaði árið 2023. Nánari sundurliðun á umsóknunum, eftir lagagrundvelli kröfunnar eða umsóknar, er að finna í eftirfarandi töflu. Í samræmi við efni fyrirspurnarinnar byggjast upplýsingarnar á því á hvaða grundvelli krafa um hjónaskilnað, eftir atvikum skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, var sett fram í upphafi og óháð því hvort sú krafa hafi síðar tekið breytingum hjá málsaðilum eða aðilar orðið ásáttir um önnur málalok. Í töflunni er fjöldi mála skráður niður á mánuði miðað við upphafsdag máls en ekki dagsetningu málaloka. Að lokum má nefna að í sumum málum lá grundvöllur hjónaskilnaðar ekki fyrir við upphaf máls og því var hann ekki skráður.

Umsóknir um hjónaskilnaði hjá sýslumönnum árið 2023.

	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtals
Lögskilnaður (37. gr.)	4	7	2	5	8	6	2	3	5	1	3	2	48
Lögskilnaður (39. gr.)	16	12	12	11	15	15	6	6	5	5	1	5	109
Lögskilnaður (40. gr.)	3	5	2	4	3	4	4	0	1	1	2	2	31
Lögskilnaður (43. gr. a)							16	56	34	49	57	38	250
Lögskilnaður að undangengnum skilnaði að borði og sæng (36. gr.)	36	38	47	39	45	38	35	47	33	45	59	36	498
Skilnaður að borði og sæng (33. gr.)	33	39	34	22	30	34	14	20	15	10	16	11	278
Skilnaður að borði og sæng (34. gr.)	13	13	18	8	11	9	2	7	6	6	12	5	110
Ótilgreint eða óskráð	2	14	8	4	10	13	9	6	10	10	30	17	133
Samtals	107	128	123	93	122	119	88	145	109	127	180	116	1457